MENNING

Jákvætt innlegg

Tíu litlir kenjakrakkar komin út

„BÓKIN er ekki andsvar við *Tíu litlum negrastrákum*. Frekar mætti kalla þetta jákvætt innlegg í umræðuna, við erum ekki að lýsa yfir neinum skoðunum á hinni bókinni," segir Sigrún Eldjárn um barnaljóðabókina *Tíu litlir kenjakrakkar* sem var að koma út. Sigrún teiknaði myndirnar í bókinni og bróðir hennar Þórarinn samdi vísurnar. Í bókinni segir frá tíu krökkum sem vegna kenja og hrekkja fækkar smám saman í einn. En á síðustu stundu tekst þeim að snúa við blaðinu og sameinast að nýju. „Bókin er byggð upp eins og negrastrákabókin og hægt að syngja vísurnar við sama lag og vísurnar í þeirri bók. Þessar eru reyndar, að mínu mati, mun betur ortar.



Þetta er bók sem allir ættu að hafa gaman af og enginn ætti að þurfa að æsa sig yfir, bara gleðjast. Krakkarnir eru pínulítið óþekk og koma sér í vandræði en svo lagast þetta allt saman í lokin og enginn deyr. Þetta er bók sem allir mega lesa."

Aðeins eru tæplega þrjár vikur síðan Sigrún og Þórarinn fengu hugmyndina að þessum niðurtalningarvísum. „Þegar allt var logandi í umræðunni um negrastrákana datt mér í hug að gera jákvæða bók sem krakkar mættu örugglega fá í hendurnar. Þórarinn ruddi út úr sér vísunum, ég hamaðist við myndirnar og hún fór á hraðferð í gegnum prentsmiðjuna. Þetta er hægt!" segir Sigrún en allt bendir til þess að hér hafi verið slegið hraðamet í bókaútgáfu sem erfitt verður að bæta.

Ira Levin látinn

RITHÖFUNDURINN Ira Levin er látinn. Hann var þekktastur fyrir að skrifa *Rosemary's Baby*, *The Boys From Brazil* og *The Stepford Wives*.


Ira Levin

Hann lést á heimili sínu í Manhattan á mánudaginn af völdum hjartaáfalls, 78 ára gamall.

Kvikmynd var gerð eftir bókinni *Rosemary's Baby* árið 1968 í leikstjórn Romans Polanski með Miu Farrow í aðalhlutverki.

Fleiri bækur Levin voru færðar á hvíta tjaldið, t.d. *The Boys From Brazil*, sem Laurence Olivier lék í, og *The Stepford Wives* með Nicole Kidman. Einnig var gerð mynd eftir leikriti hans, *Deathtrap*, með Michael Caine og Christopher Reeve.

Levin fæddist í Bronx-hverfinu og vissi frá upphafi að hann vildi verða rithöfundur. Hann byrjaði að skrifa fyrir sjónvarp, en fyrsta skáldsaga hans, *A Kiss Before Dying*, sló strax í gegn og færði honum Edgar Allan Poe-verðlaunin árið 1953. Sú saga hefur tvisvar verið færð í kvikmyndaform, árin 1956 og 1991.

Levin lætur eftir sig þrjá syni og þrjá sonarsyni.

Hvar jobbar þú?

jobba, -aði S starfa.

Bókmenntir

Sagnaslóðir á Reykjanesi

Í KVÖLD kl. 20–22 verður sagnakvöld í boði Grindavíkurbæjar, Saltfisksetursins og Björgunarsveitarinnar Þorbjörns.


Frá björgunaraðgerð.

Sagt verður frá sjóslysum og björgunum við Grindavík; sögur af verslunum, en saga þeirra er samofin sögu fiskveiða, og upphafi þéttbýlismyndunar í Grindavík. Að lokum mun Sigrún Jónsdóttur Franklín fjalla um menningararf út frá bókinni, *Ævidagar Tómasar Þorvaldssonar útgerðarmanns*. Milli atriða verður ljóðaflutningur, einnig verður boðið upp á kaffi og meðlæti. Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir.

Myndlist

Hversdagurinn við Green Lanes

DIDDA Hjartardóttir opnar sýningu á ljósmyndum í Hoffmannsgallerí í dag kl.17.


London í Reykjavík.

Á sýningunni kortleggur Didda hluta götunnar Green Lanes í London og heimfærir þær á ganga Reykjavíkurakademíunnar og heldur þannig áfram að vinna útfrá götukortabók af London, *London A-Z*.

Hoffmannsgallerí er staðsett í Reykjavíkurakademíunni á fjórðu hæð JL-húsisins við Hringbraut 121 í Reykjavík. Sýningin stendur fram yfir áramót og er hún opin alla virka daga frá kl. 9 til 17.

Tónlist

Meistaraverk undrabarns

Kammertónleikaröð Sinfóníuhljómsveitar Íslands verða haldnir í kristalssal Þjóðmenningarhússins kl.17. Þar gefst færi á að heyra eitt af meistaraverkum strengjatónbókmenntanna, Strengjaoktett Mendelssohns. Þessi frábæra tónsmíð verður enn magnaðri ef haft er í huga að tónskáldið var einungis 16 ára gamalt þegar það samdi verkið. Hljóðfæraleikarar eru Guðný Guðmundsdóttir, Sif Tulinius, fiðla, Andrzej Kleina, Greta Guðnadóttir, Helga Þórarinsdóttir, Herdís Jónsdóttir, Bryndís Halla Gylfadóttir og Sigurgeir Agnarsson.


Þjóðmenningarhúsið.

Engin skipuleg söfnun nýyrða

Vonast er til að í framtíðinni geti tölvur hjálpað til við leit á nýjum orðum

FRÉTTASKÝRING
Eftir Helga Snæ Sigurðsson og Höskuld Ólafsson

EITT af frumskilyrðum þess að íslensk tunga deyji ekki út er að ný orð bætist í hóp þeirra sem fyrir eru. Orð sem annað hvort ná utan um nýja „íslenska" hugsun eða orð sem þýða má úr erlendu tungumáli. Ný orð verða hins vegar ekki til af sjálfu sér og þó einhverjum snjöllum orðasmiði detti sniðug þýðing í hug er ekki þar með sagt að hún öðlist strax gildi. Málræktarsvið Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum hefur m.a. það hlutverk að styðja við íðorðasöfnun í landinu og einnig að halda utan um nýyrðasköpun. Ágústa Þorbergsdóttir, starfsmaður stofnunarinnar, segir íðorðanefndir oft vera grasrótarsamtök og ekki alltaf settar á laggirnar með formlegum hætti. Íðorðanefndirnar tengjast mjög oft fagfélögum og eru skipaðar að þeirra eigin frumkvæði. Algengt er að þeir sem sitja í íðorðanefndunum séu háskólakennarar í viðkomandi fagi. Málræktarsvið Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum tilnefnir ekki í slíkar nefndir en hefur mikinn áhuga á starfi þeirra. Hins vegar er flugorðanefnd dæmi um stjórnskipaða nefnd og heyrir hún undir samgönguráðuneytið. Nefndirnar geta lagt orð í orðabanka, sem enn er kenndur við Íslenska málstöð á netinu, en þar eru 40 orðasöfn.

Tískuviti skráður

Hvað nýyrði í almennu máli varðar, orð sem ekki falla í neinn sérstakan flokk í íðorðasafni, þá segir Ágústa að ef stofnunin frétti eða sé látin vita af nýyrði eða tökuorði þá sé það skráð. Dæmi um slíkt er enska orðið „trendsetter", sem auglýst var eftir þýðingu á í fyrra í nýyrðasamkeppni og þá kom fram orðið tískuviti. „En það getur auðvitað einhver búið til orð eins og tískuviti og aldrei látið okkur vita af því," bætir Ágústa við. Auðveldara sé að halda utan um þau orð sem orðanefndir komi með, þar sem þær haldi utan um sín orðasöfn og vinni í þeim. Ekki sé auðvelt að finna ný orð í almennu máli vegna gríðarlegs textamagns sem þyrfti að fara yfir. Þar gætu þó aðferðir tungutækninnar auðveldað verkið í framtíðinni.


Reuters

Nefnd af Jónasi Skjaldbaka var eitt af mörgum nýyrðum Jónasar Hallgrímssonar. Þessi skjaldbaka lifði í meira en hundrað ár en óvíst er að hún hafi verið nógu gömul til að hafa verið samtíða Jónasi.

Vald fjölmiðla

Ágústa segir að fólk hafi mikinn áhuga á nýyrðum sem tengjast tækni. Þar megi nefna orðið „tónhlaða", sem eigi að ná yfir stafræna spilara á borð við iPod.

Babb geti komið í bátinn þegar tækið breytist, í þessu tilfelli úr því að vera aðeins hljóðspilari í það að geta sýnt hreyfimyndir, ljósmyndir og sjónvarpsefni. Þá er merking orðsins orðin of þröng.

Þegar farsíminn leit dagsins ljós veltu menn ýmsum orðum á milli sín, t.d. „heimssíma". Að lokum stóð val milli farsíma og gemsa, en orðin virðast álíka mikið notuð. „Það er enginn einn sem ákveður slíkt. Þetta ákveða fjölmiðlarnir mjög mikið, þið hafið ekki minna vald en við. Með því að nota þessi orð í fréttum heyrir fólk þau," segir Ágústa.

Tímafrek vinna

Jóhannes B. Sigtryggsson, starfsmaður málræktarsviðs, segir að langflest þeirra orða sem finna má í nýyrðadagbókinni hafi verið skráð í tengslum við málfarsráðgjöf hjá Íslenskri málstöð. Hún sé því ekki afrakstur skipulegrar orðtöku úr nútímamáli. „Við höfum ekki mikinn tíma til að sinna þessu sérstaklega en ef við rekumst á nýyrði skrifum við þau hjá okkur." Jóhannes segir málnefndir í öðrum löndum, t.d. Svíþjóð, safna skipulega nýyrðum; úr dagblöðum, nýjum bókum og öðrum miðlum og þar séu gefnar út orðabækur yfir nýyrði.

Málræktarsvið Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum stefnir hugsanlega að frekari nýyrðasöfnun. „Það er í rauninni ekki hægt að fá skýrt yfirlit yfir nýyrði nema með skipulegri söfnun, t.d. leit í gagnasafni Morgunblaðsins að orðum, athuga aldur þeirra og uppruna. Við höfum auðvitað áhuga á að safna sem flestum nýyrðum en höfum ekki komist í að safna þeim skipulega. Þetta er mjög tímafrekt og nú horfum við frekar til þess hvort hægt verður í náinni framtíð að nota nútímalegri aðferðir, það er að láta tölvur vinna verkið að mestu leyti."

Nýyrðafjöld

Á hverjum tíma eru mörg erlend orð í umferð sem gott væri að fá þýðingu á. Hér eru nokkur dæmi og tillögur góðra orðasmiða :

Þórarinn Eldjárn lagði eftirfarandi til um enska orðið „shortcut": *skáskot* (samanber „að skáskjóta sér") og um enska orðið „take-away" leggur hann til nafnorðið *meðtak* (húmoristar gætu einnig talað um brottnámsrétti).

Pétur Þorsteinsson kom með þessar hugmyndir að enska orðinu „brunch": *dragbítur* (árbítur sem dregst) og að blogga: *Að daga*. Bloggfærsla: *Dögun*.

Á meðal annarra orða sem ekki hafa verið íslenskuð eru eftirfarandi: Að gúggla, iPod, að deita, wannabe, grandparents, outlet og gigg. Hafi lesendur góðar hugmyndir að þýðingum á þessum orðum mega þeir gjarnan senda línu á menning@mbl.is.

Hreinn fær heiðursverðlaun

HREINN Friðfinnsson myndlistarmaður hlaut heiðursverðlaun Myndstefs í gær, en Edda Jónsdóttir tók við verðlaununum fyrir hönd Hreins sem staddur er erlendis. Viðurkenninguna hlýtur Hreinn fyrir framlag sitt til íslenskrar myndlistar, en hluta þess framlags má nú sjá á yfirlitssýningu í Listasafni Reykjavíkur, sem upphaflega var sett upp í Serpentine Gallery í Lundúnum í sumar. Heiðursverðlaunin nema einni milljón króna. Þetta er í þriðja sinn sem heiðursverðlaunum Myndstefs er úthlutað. Dómnefnd skipuðu Áslaug Thorlacius myndlistarmaður, Björgólfur Guðmundsson, stjórnarformaður Landsbanka Íslands, og Margrét Harðardóttir arkitekt. Dómnefnd segir verk Hreins „hrífandi og einföld, full af ljóðrænum vísunum og heimspekilegum vangaveltum. Ásýnd hlutanna skiptir ekki höfuðmáli heldur andinn og hin tæra hugsun enda snúast verkin gjarnan um eitthvað loftkennt og ósnertanlegt einsog ljósið, vindinn eða það sem ekki er. Þrátt fyrir – og kannski einmitt fyrir þessa ákveðnu naumhyggju – búa þau yfir einstökum þokka og fegurð."


Morgunblaðið/Brynjar Gauti

Forsetinn og Edda Edda Jónsdóttir tók við verðlaunum Hreins sem var ytra, einni milljón króna sem Myndstef og Landsbankinn láta í té.